



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 2. desember 2013.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um forvarnastarf vegna krabbameins í blöðruhálskirtli, 28. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 6. nóvember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um forvarnastarf vegna krabbameins í blöðruhálskirtli, 28. mál á 143. löggjafarþingi.


Í tillögunni felst að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd viðtæku forvarnastarfi vegna krabbameins í blöðruhálskirtli og þannig miðla upplýsingum um sjúkdóminn, einkenni hans, áhættuþætti, mögulegt efirlit með áhættuþáttum og bætt meðferðarúræði. Gert er ráð fyrir viðtækri samvinnu allra sem vinna að málefnum krabbameinssjúkra, innan og utan heilbrigðisþjónustunnar.

Eins og rakið er í greinargerð með tillögunni er krabbamein í blöðruhálskirtli algengasta krabbamein í körlum. Um tvö hundruð ný tilfelli greinast á ári og um 50 karlmenn á aldrinum 45 til 80 ára látast af völdum meinsins árlega. LÍ tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerðinni um að aukin almenn vitund um sjúkdóminn sé líkleg til að auka greiningarmöguleika á fyrstu stigum sjúkdómsins og þar með líkur á greiningu.

Í greinargerð með tillögunni er rætt um gildi PSA mælinga við greiningu á blöðruhálskirtilskrabbameini. Læknafélag Íslands vill í þessu sambandi benda á að Embætti landlæknis mælir ekki með því að reglubundnar PSA mælingar í blóði séu notaðar við skimun eftir krabbameini í blöðruhálskirtli (http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item-14249/Yfirlýsing_PSA_23%202%202012.pdf). Að öðru leyti lýsir LÍ sig sammála því sem fram kemur í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni og tekur undir að efling forvarnastarfs vegna krabbameins í blöðruhálskirtli sé af hinu góða.

LÍ leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt og eru fulltrúar félagsins tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar Alþingis til að ræða nánar efni tillögunnar, verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.